


## DÆMI UM ÆSKILEGAN ÞAKFRÁGANG

MKV. 1:5




## NEGLING ÞAKJÁRNS OG ÞAKKLÆÐNINGAR




| SVÆÐI | NEGLING ÞAKJÁRNS | NEGLING BORÐAKLÆÐNINGAR |
|---|---|---|
| J | 34/60 kambsaumur í hverja hábáru | 37/60 kambsaumur 3 stk. í hverja sperru |
| K | 34/60 kambsaumur í aðra hverja hábáru | 37/60 kambsaumur 2 stk. í hverja sperru |
| H | 34/60 kambsaumur i þriðju hverja hábáru c/c 600 | |

## DÆMI UM ÆSKILEGAN FRÁGANG VINDÞÉTTINGAR Í VEGGJUM

MKV. 4:5




SKÝRINGAR:

Teikning þessi sýnir nokkur dæmi um heppilegan frágang útveggja og þaks sérstaklega m.t.t. vindþéttingar og rakavarnar.

Vindþétting: Í veggjum eru mest notað 12 mm asfalttex, 4 mm olíusoðið masonit eða 6 mm krossviðarplötur. Plöturnar skal skeyta saman á miðjum stoðum og þéttnegla. Æskilegt er að setja lista yfir samskeytin. Milli fótreimar og steypu skal setja 2 lög af asfaltpappa og nauðsynlegt getur verið að þétta þau auk þess með þéttiefni (maki). Einnig er nauðsynlegt að þétta vel með gluggum og hurðum eins og sýnt er á teikningunni. Yfir einangrun í þaki er algengast að nota vindpappa, en einnig eru notaðar plötur eins og í veggjum. Vindþéttilagið skal klemmt fast á öllum köntum eins og teikning sýnir og samskeyti skulu vera vel sköruð og klemmd.

Rakavörn: Innan við einangrun í veggjum og þökum skal vera rakavarnarlag t.d. þolplast eða álpappír. Samskeyti skulu vera vel sköruð og klemmd, ekki límd. Allar lagnir skulu vera innan við rakavarnarlagið.

Æskilegt er að fúaverja fótreim vandlega, svo og lista utan við vindþéttingu í veggjum og sperruenda a.m.k. 1 m innfyrir útvegg. Allur saumur og boltar skulu vera heitgalvaniseraðir.

Varðandi frekari frágang útveggja og þaka vísast til ýmissa Rb-blaða og rita.

17 JÚLÍ 1997

Gunnar Gunnarsson

FRÁGANGUR ÚTVEGGJA OG ÞAKS
ÞAKNEGLING

BRUNNSTÍGUR 4
HAFNARFIRÐI

Júní 93

KVARÐI 1:5

NR. 100A

Óskar Ásgeirsson